

Föstudaginn 13. janúar 1956.

Nr. 72/1955. **Ákærvaldið** (Einar Ásmundsson)

gegn

Sigurði Ellert Jónssyni

(Sveinbjörn Jónsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Brenna. Manndráp af gáleysi. Vátryggingarsvik.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdóminn ber að staðfesta með skírskotun til forsendna hans.

Eftir þessum úrslitum á ákærði að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 3500.00 til hvors.

Það er mjög aðfinnsluvert, að héraðsdómari hefur látið undan falla heitfestingu vitna, eftir því sem við átti, sbr. 100. gr. laga nr. 27/1951.

Dómsorð:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður.

Ákærði, Sigurður Ellert Jónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars Ásmundssonar og Sveinbjörns Jónssonar, kr. 3500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 9. febrúar 1955.

Ár 1955, miðvikudaginn 9. febrúar, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Þórði Björnssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 652/1955: Ákærvaldið gegn Sigurði Ellert Jónssyni, sem tekið var til dóms hinn 18. f. m.

Með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dags. 5. október s.l., er opinbert mál höfðað gegn ákærða, Sigurði Ellert Jónssyni kaupmanni, Höfðaborg 52, hér í bæ, „fyrir að hafa um klukkan tvö

aðfaranótt þriðjudagsins 13. júlí s.l. kveikt í bréfarusli í herbergi inn af verzlun sinni „Vesturbæjarbúðinni“ að Framnesvegi 19, hér í bæ, í þeim tilgangi að brenna vörulager verzlunarinnar, áhöld og innréttingu og fá á þann máta greiddar váttryggingarupphæðir verðmæta þessara, samtals að upphæð kr. 400.000.00. Þá er málið og höfðað gegn ákærða fyrir að valda almannahættu með framangreindri íkveikju, sem hann mátti sjá fram á, að gæti orðið íbúum hússins lífshættuleg, auk þess sem eldsvoði mundi hafa í för með sér yfirgripsmikið tjón á húsinu, svo og er málið höfðað gegn ákærða fyrir að hafa með gáleysi orðið Magnúsi Ásmundssyni fisksala, sem lézt nefnda nótt í greindu húsi af kol-sýringseitrun, að bana.

Brot ákærða teljast varða við 164. gr., 215. gr. og 248. gr. sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 13. júlí 1931 í Reykjavík, og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kær-um og refsingum:

1940 20/3 Kærður fyrir hlutdeild í að ræna 9 krónum af smátelpu. Afgreitt til barnaverndarnefndar.

1940 4/4 Kærður fyrir þjófnað á 20 krónum. Samskonar afgreiðsla.

1954 19/8 Kærður fyrir ólæti og óspektir. Fellt niður.

Samkvæmt eigin játningu ákærða og því, sem á annan hátt er upplýst í málinu, eru málavextir þessir:

I.

Með samningi, dags. 19. maí f. á., seldi vitnið Stefán Guðmundsson verkamaður, Heiðabæ við Suðurlandsbraut, hér í bæ, ákærða í máli þessu, Sigurði Ellert Jónssyni, nýlenduvöruverzlunina „Vesturbæjarbúðina“ í kjallara hússins Framnesvegi 19, hér í bæ. Verzlunin sjálf var í einu herbergi, sem snýr að götunni, en bak við það voru tvö herbergi, þar sem vörubirgðir verzlunarinnar voru geymdar. Kaupverð verzlunarinnar var talið kr. 90.644.57, og þar af voru vörubirgðir áætlaðar kr. 52.165.27. Ákærði þurfti þó ekki að leggja neitt út af kaupverðinu, en hann tók að sér að greiða tilteknar viðskiptaskuldir verzlunarinnar, og námu þær sömu fjárhæð og kaupverðið. Ákærði hóf síðan rekstur verzlunarinnar, og kveður hann, að foreldrar hans hafi látið hann fá nokkurt fé í því skyni. Verzlunarreksturinn gekk illa, og skuld-

heimtumenn verzlunarinnar kröfðu ákærða um greiðslu skulda, og stóð fjárnám fyrir dyrum. Seinni hluta júnímánaðar f. á. reyndi ákærði að selja verzlunina, en af því varð þó ekki. Hinn 7. júlí f. á. lokaði ákærði svo verzluninni sakir fjárhagsörðugleika.

Svonefnd þrotabúsnefnd Félags íslenzkra stórkaupmanna, sem hefur það verkefni að fá gerðar upp vanskilaskuldir viðskiptamanna félagsmanna, fékk upplýsingar um, að ákærði væri í vanskilum við nokkra félagsmenn. Námu vanskilaskuldir hans við tvö heildsölufyrirtæki um kr. 40.000.00 auk skulda við nokkur önnur fyrirtæki. Nefndin vildi ræða við ákærða um skuldirnar, og hinn 12. júlí f. á. sendi hún honum svohljóðandi símskeyti:

„Sigurður Ellert Jónsson, Höfðaborg 52, Reykjavík. Fyrir hönd þrotabúsnefndar Félags íslenzkra stórkaupmanna bið ég yður ræða við mig á morgun, þriðjudag, einhvern tíma milli 1 og 5, út af skuldum yðar vegna Vesturbæjarbúðarinnar við félagsmenn. Stop. Hringið til mín, ef yður hentar annar tími betur. Björn Snæbjörnsson, Aðalstræti 4“.

Kl. 20.50 sama dag fékk ákærði skeytið í hendur á heimili sínu, og þegar hann hafði lesið skeytið, taldi hann, að nú ætti að stöðva lánsviðskipti hans við stórkaupmenn. Þannig sá ákærði fram á gjaldþrot sitt. Hann kveðst nú hafa farið að hugsa um, hvað hann gæti tekið til bragðs. Sá hann, að það gæti verið leið út úr fjárhagsörðugleikum hans að kveikja í vörubirgðum Vesturbæjarbúðarinnar, sem voru vel váttryggðar, og fá váttryggingarfjárhæðina greidda. Ákærði ákvað að gera þetta.

II.

Ákærði fór því næst heiman frá sér vestur í verzlun sína til að athuga reikninga þar. Hann fann þá ekki og mundi þá, að þeir voru heima hjá honum. Í verzluninni hringdi hann í vitnið Snorra Jónsson kaupmann, Borgarholtsbraut 20, Kópavogi, en þeir þekkjast. Hafði vitnið nokkru áður boðið honum að heimsækja sig við tækifæri, og ætlaði hann að nota nú tækifærið, heimsækja vitnið og tala við það um fjárhagsörðugleika sína og spyrja það að því, hvort það gæti hjálpað honum úr þeim. Vitnið var heima hjá sér, og varð úr, að ákærði fór þangað. Mun klukkan þá hafa verið um 22. Þeir gestir voru fyrir hjá vitninu. Áfengi var veitt, og drakk ákærði nokkur glös af sterku áfengi, sem blandað var í gosdrykk. Fann ákærði vel til áfengisáhrifa.

Ákærði hefur borið það, að við þetta tækifæri hafi hann sagt vitninu Snorra einslega frá fyrrgreindu símskeyti stórkaupmannafélagsins og fjárhagsörðugleikum sínum, og hafi hann spurt vitnið að

því, hvaða leiðir það sæi úr þeim. Hafi vitnið sagt, að eina ráðið væri fyrir hann að gefa sig upp til gjaldþrotaskipta. Vitnið hefur borið, að þetta megi vel vera rétt hjá ákærða, þó að það muni það ekki sérstaklega. Þá kveður vitnið, að nokkrum dögum áður hafi ákærði spurt það að því, hvað væri rétt fyrir hann að gera út af fjárhagsörðugleikum hans, og hafi vitnið þá sagt honum, að um tvær leiðir væri að ræða, að leita nauðasamninga við skuldheimtumenntu sína eða gefa sig upp til gjaldþrotaskipta. Ákærða og vitninu ber saman um, að þeir hafi aldrei ræðzt við um íkveikju né tryggingar.

Ákærði fór frá vitninu Snorra um kl. 2 um nóttina. Kveður vitnið, að ákærði hafi þá sagt við það, að hann ætlaði að fara rakleitt heim til sín. Ákærði kveður, að það megi vel vera, að hann hafi sagt þetta, en man það ekki fyrir víst. Ákærði fór frá vitninu í leigubifreið vitnisins Guðmundar Óskars Jónssonar bifreiðarstjóra, Hjallavegi 27, hér í bæ. Kveðst vitnið Snorri hafa hringt í bifreiðina, og kveður ákærði, að það megi vel vera. Ákærði kveðst þá enn hafa verið undir áhrifum áfengis.

Hann var nú ákveðinn í að láta til skarar skríða með að kveikja í vörubirgðum sínum. Hann bað vitnið Guðmund Óskar um að aka vestur að Vesturbæjarbúðinni á Framnesvegi 19. Vitnið gerði það og stöðvaði bifreiðina fyrir utan dyr verzlunarinnar. Ákærði fór út úr bifreiðinni og bað vitnið að bíða á meðan. Vitnið spurði hann að því, hvort hann myndi verða lengi í burtu, og kvaðst hann þá aðeins ætla að leita að nokkrum reikningum.

Ákærði fór rakleitt inn í vörugeymslu verzlunarinnar bak við verzlunarherbergið, tók upp eldspýtustokk og kveikti í bréfi, sem var undir pappakassa við steinvegg í innra herbergi vörugeymslunnar. Hann kveikti aðeins þenna eina eld og athugaði eldinn ekkert nánar, eftir að hann sá, að hann var kveiktur. Ákærði færði heldur ekki til neinn hlut til að auðvelda íkveikjuna. Þá hreyfði hann ekkert við gluggum vörugeymslunnar eða verzlunarherbergisins, og voru þeir lokaðir. Því næst hélt hann rakleitt út úr verzluninni og læsti útidyrnunum á eftir sér. Heldur hann, að hann hafi þá verið búinn að vera 5—10 mínútur inni í verzluninni. Vitnið Guðmundur Óskar bifreiðarstjóri hefur borið það, að rétt eftir að ákærði var kominn inn í verzlunina, hafi það séð einhvern ljósbjarma, en ákærði hafði ekki kveikt á rafmagnsljósi. Hefur vitnið komizt svo að orði, að bjarminn hafi ekki verið meiri en svo, að það hafi getað verið góður logi af eldspýtu, því að það hafi ekki verið bál, en það hafi einnig getað verið eitthvað annað, sérstaklega ef það hafi verið í því herbergi, sem vitnið

sá ekki inn í, því að bjarma af eldi hafi getað slegið þaðan og fram. Ákærði hafi eitthvað verið að bauka þarna inni, en hvað, var ekki unnt að sjá. Vitnið kveðst nú hafa fært bifreið sína lítið eitt aftur á bak og hafi það þá séð í gegnum verzlunina inn um opna hurð á herbergi, sem var þar fyrir innan, og út um glugga á bakhlið hússins. Ákærða hafi borið við gluggann, og virtist ákærði vera í dyrunum milli verzlunarherbergisins og innra herbergisins, en bjarminn hafi þá ekki sézt, af því að meira hafi borið á birtunni frá glugganum. Vitninu virtist ákærði taka eftir því og flýta sér þá að loka hurðinni og loka sig inni í innra herberginu. Ákærði hafi svo augnabliki síðar komið út úr verzluninni. Ákærði kveður þenna framburð vitnisins réttan, en kveðst þó ekki hafa veitt því athygli, að vitnið hreyfði bifreið sína eða væri að horfa á hann. Ákærði steig síðan upp í bifreiðina, sem beið hans, og settist í framsætið. Vitninu Guðmundi Óskari fannst ekkert vera óeðlilegt við ákærða fremur en áður. Ákærði bað vitnið um að aka heim til hans að Höfðaborg 52, og gerði vitnið það. Á leiðinni fór ákærði að tala um það, af hverju bifreiðarstjórar ynnu svo lengi og að þeir hlytu að hafa það gott. Vitnið svaraði honum því, að þeir hefðu það ekki betra en það, að þeir þyrftu að vinna svona lengi til að hafa eitthvað upp úr því. Þá fór ákærði að bera saman fyrirtæki sitt við bifreiðarstjóra og sagðist ekki vilja missa verzlun sína fyrir tvo ára, og sagðist hafa þrjú hundruð þúsund krónur í fyrirtækinu, í kaupum á verzluninni og vörubirgðunum. Kvaðst hann vera búinn að eiga verzlunina í fjóra mánuði og hefði það alltaf verið draumur sinn að eignast verzlun og verða sjálfstæður maður.

Ákærði fór úr bifreiðinni við Höfðaborg 52 og greiddi ökugjald hennar, kr. 51.50, með kr. 55.00. Ákærði fór síðan að sofa, en áður en hann sofnaði, kom honum í hug, að hann hefði kveikt of lítinn eld til að eyðileggja allar vörubirgðirnar.

Vitnið Svava Ársælsdóttir, afgreiðslustúlka í mjólkurbúð á Framnesvegi 21, til heimilis á Seljavegi 9, hér í bæ, hefur borið það, að laust fyrir kl. 8 næsta morgun, þ. e. þriðjudaginn 13. júlí, hafi það gengið framhjá húsinu Framnesvegi 19. Vitnið sá, að mikil móða eða gufa var á gluggum verzlunarinnar í kjallara hússins, en það grunaði ekki, að um eld gæti verið að ræða, og athugaði málið ekki frekar.

Vitnið Hreinn Hermannsson, Öldugötu 57, hér í bæ, 14 ára að aldri, hefur borið það, að um kl. 8.40 þenna morgun hafi það farið heiman að frá sér og gengið fram hjá Framnesvegi 19. Vitnið sá þá móðu á kjallaragluggunum og bleytu í gluggakistun-

um. Vildi vitnið athuga þetta nánar og fór á bak við húsið og fann þá, að brunalykt lagði frá loftræstigati í kjallaraglugganum. Fór vitnið þá aftur út á götu og bað dreng, sem var þarna á hjóli, að fara að næsta brunaboða og kalla á slökkviliðið. Drengurinn gerði það, og samkvæmt upplýsingum slökkvistöðvarinnar barst brunaboðið til hennar kl. 9.18. Fór slökkviliðið þegar á vettvang.

Vitnið Anton Eyvindsson, varðstjóri í slökkviliðinu, Sundlaugarvegi 18, og Sigurgeir Benediktsson brunavörður, Hæðargarði 36, báðir hér í bæ, komu fyrstir úr slökkviliðinu á staðinn. Þeir sáu engan eld leggja út úr húsinu, en mikinn reyk inni í verzluninni. Allir gluggar voru lokaðir. Þeir brutu rúður í báðum gluggum verzlunarinnar svo og rúðu í hurð í framhlið hennar til að komast inn og fá „gegnumtrekk“ og leita að eldi. Í verzlunarherberginu var enginn eldur og heldur ekki í fremra geymsluherberginu, en hurð þar á milli var hallað aftur. Í innra geymsluherberginu sáu þeir bréfabhrúgu í trékassa við dyrnar. Þar efst hafði verið eldur, en var slokknður, og var staðurinn kaldur. Þeir leituðu að eldi þarna, en urðu ekki varir við neitt, þar til vitnið Sigurgeir sá eld innar við vegginn og nær dyrunum á innra geymsluherberginu. Þetta var dálítill glóð, en ekki mikill eldur, því að það logaði varla, en af kom mikill reykur. Þessi eldur var í smákösum, súpupökkum og saltbaukakassa, en hafði hlaupið yfir kassa með sultutau, því að hann var ekki alveg brunninn niður, og það var dautt í honum. Eldurinn var slökktur á skammri stundu.

Vitnið Njörður Snæhólm, rannsóknarlögreglumaður, Þingholtsbraut 171, Kópavogi, kom á vettvang kl. 9.45, og var þá búinn að ráða niðurlögum eldsins. Hefur vitni þetta lýst aðstæðum á brunastaðnum þannig:

Við steinvegginn milli innra geymsluherbergisins og verzlunarherbergisins var bjórkassi fullur af alls konar rusli, svo sem bréfum, tómum og fullum hárolúglösum, dósnum undan sardínunum í olíu og fleira rusl. Rusl þetta hafði brunnið efst og innst. Í einni sardínudós í kassanum var ein brunnin eldspýta og einn hálffullur lokaður eldspýtustokkur hálfbrunninn. Næst þarna fyrir innan voru pappakassar með haframjöli lítið brunnir, heilmikið af þvottaefni, sem lá þarna niðurtroðið. Þá var lítill trékassi með sultutauglösum, brunninn niður fyrir miðju og glösin brotin. Þá var pappakassi fullur af tómatsósufloðskum sama og ekkert brunninn og flöskurnar heilar. Þar fyrir innan voru pappabúðir með sólskinssápu og þar fyrir innan pappakassi með saltbaukum talsvert brunninn. Eldurinn hafði verið mestur, þar sem

sápan var, og þar var málningin á veggnum brunnin á smábletti, og einnig hafði málning á lofti soðnað. Var svo að sjá, sem eldurinn hefði byrjað í ruslinu í fyrrgreindum bjórkassa og læst sig inneftir vörunum ofanverðum, því að hvergi sást, að brunnið hefði niður við gólfið. Hinum megin í geymsluherbergi þessu, þar sem gluggar eru, voru pokavörur og pappakassar með drasli í, þar á meðal einn með vaxstytum, en ekkert af þessu hafði brunnið. Milli drasls þessa og ruslsins við steinvegginn var um hálfsmetra breiður gangur. Í fremra geymsluherberginu voru kartöflur og kassi, fullur af bréfum og rusli. Þar hafði enginn eldur verið. Varningur, sem var í verzlunarherberginu og ekki var í lokuðum dósum, var meira og minna eyðilagður af reyk.

Ákærði hefur ekkert haft að athuga við þessa lýsingu vitnisins Njarðar Snæhólms nema það, að soyaglös, en ekki sultutauglös, hafi verið í litla trékassanum í innra geymsluherberginu. Þá kveður hann, að ef brunnin eldspýta og brunninn eldspýtustokkur hafi verið í sardínudós í herberginu, sem hann rengir ekki, hafi munum þessum verið fleygt þarna fyrir íkveikjuna eins og hverju öðru rusli og ekki staðið í neinu sambandi við hana.

Útidyrnar á hæðinni fyrir ofan kjallara hússins voru læstar. Vitnið Þórdís Jónsdóttir, frú, Framnesvegi 22, hér í bæ, afhenti vitninu Nirði Snæhólm þegar lykil að dyrunum, og fór síðarnefnda vitnið þá strax ásamt slökkviliðsmönnum inn í hæð hússins. Þegar þeir komu inn í eldhúsið, sáu þeir, að gamall maður lá þar á gólfinu, og reyndist það vera Magnús Ásmundsson, sem bjó þar á hæðinni og var eigandi hússins. Samkvæmt framburði vitnisins Njarðar hafði talsvert slím runnið úr munni Magnúsar heitins og myndað poll á gólfinu, og einnig var slím á þröskuldi að svefnherberginu. Magnús heitinn var klæddur í skyrtu, buxur og sokka, en skólaus. Ekkert lífsmark var að sjá á honum, og var hann strax fluttur í lögreglubifreið á Landakotsspítalann, þar sem lífgunartilraunir voru gerðar á honum. Þær báru ekki árangur, því að hann var látinn.

Í svefnherbergi Magnúsar heitins inn af eldhúsinu var rúm hans kalt, en sængin vel volg. Allir gluggar voru lokaðir og talsvert mikil og skörp reykjar- og kolsýrustybba í íbúðinni. Innra geymsluherbergið í kjallaranum, þar sem íkveikjan var gerð, er beint fyrir neðan eldhúsið á húshæðinni. Liggur miðstöðvarofnsleiðslan frá áðurgreindum steinvegg í geymsluherberginu og upp í miðstöðvarofn í eldhúsinu. Hlýtur reykjar- og kolsýrustybban í eldhúsinu að hafa komið upp með miðstöðvarofnsleiðslunni.

Atvinnudeild Háskólans rannsakaði sýnishorn af hjartablóði

Magnúsar heitins, og var niðurstaða rannsóknarinnar þessi:

„Prófun á blóðinu samkv. Wetzel gaf allsterka pósitíva svörun við kolsýring (CO)“.

Þá fór krufning fram á líki Magnúsar heitins í Rannsóknarstofu Háskólans, og framkvæmdi hana Ólafur Bjarnason læknir. Ályktun læknisins er á þessa leið:

„Af krufningu og blóðrannsókn virðist auðsætt, að maður þessi hafi látizt af kolsýrings(CO)-eitrun. Einkenni um aðrar sjúklegar breytingar, er gætu verið samverkandi orsök í dauða mannsins, fundust ekki“.

Vitnið Magnús Aðalsteinsson lögreglumaður, Laufásvegi 65, hér í bæ, fór um kl. 9.45 heim til ákærða, sem var þá enn í rúmi sínu. Skýrði vitnið ákærða frá því, að eldur hefði komið upp í verzlun hans á Framnesvegi 19 og bað hann um að koma á staðinn. Vitnið fór síðan á brott í lögreglubifreið annarra erinda. Ákærði hirti ekki um að fara vestur á Framnesveg. Nokkru síðar heyrði vitnið í talstöð lögreglubifreiðarinnar, að ákærði væri enn ekki kominn á brunastaðinn. Fór vitnið því aftur heim til ákærða, sem enn var í rúminu, og mun klukkan hafa þá verið um 10.45. Skýrði vitnið honum nú frá því, sem því hafði verið sagt í gegnum talstöðina, að gamall maður hefði verið á hæð hússins, þegar eldsvoðinn varð, og hefði maðurinn verið fluttur í sjúkrahús. Fór ákærði þá strax á fætur og vestur á brunastaðinn. Síðan var ákærði færður í skrifstofur rannsóknarlögreglunnar, og á leiðinni þangað heyrði hann, að gamli maðurinn væri látinn.

III.

Ákærða var kunnugt um, að Magnús heitinn Ásmundsson bjó á hæðinni fyrir ofan verzlunarpláss hans, en ákærði kveðst hafa haldið, að hann hefði ekki verið í húsinu, þegar íkveikjan átti sér stað.

Ákærði hefur borið það, að í vikunni næst á undan hafi Magnús heitinn hringt í hann niður í verzlunina og spurt hann að því, hvers vegna verzlunin væri lokuð. Ákærði hafi svarað því, að hann ætlaði að taka sér hálfsmánaðar frí og láta á meðan breyta verzluninni. Magnús heitinn hafi þá sagt, að hann væri að hugsa um að fara úr bænum eftir helgina og koma ekki aftur fyrr en eftir nokkra daga. — Þá hefur ákærði borið það, að í sama skiptið og hann hringdi úr verzluninni til vitnisins Snorra Jónssonar kvöldið fyrir íkveikjuna hafi hann einnig hringt til Magnúsar heitins í því skyni að tala við hann um húsaleiguna eftir verzlunarplássinu, en ákærði var ekki búinn að greiða júlíleiguna, að

fjárhæð kr. 700.00, sem fallið hafði í gjalddaga fyrsta dag mánaðarins. Enginn hafi svarað í síma Magnúsar heitins. Kveðst ákærði því hafa búizt við því, að Magnús heitinn væri farinn úr bænum, en ákærði athugaði það ekkert frekar. — Ákærði hefur tekið fram, að hann hafi engan illan hug borið til Magnúsar heitins og ekki talið sig þurfa heldur að ná sér neitt niðri á honum.

Vitnið Ástríður Magnúsdóttir heitins Ásmundssonar, skrifstofustúlka, Framnesvegi 60, hér í bæ, hefur borið það, að það muni ekki til þess, að faðir þess hafi nokkru sinni farið í sumarfrí burt úr bænum eða verið næturlangt fjarverandi úr bænum. Vitnið kveðst hafa hitt hann oft í viku hverri og hafi hann ekki haft orð á því, að hann ætlaði að fara úr bænum. — Þá hefur vitni þetta skýrt frá því, að stuttu fyrir andlát föður þess hafi það tekið eftir því, að á eldhúsborði í íbúð hans var miði, sem á stóð 10 kg þakmálning, og nokkrum dögum síðar eða rétt fyrir andlát föður þess hafi hann skýrt því frá, að hann ætlaði að mála gluggana og laga húsið. — Einnig hefur vitnið skýrt frá því, að faðir þess hafi átt von á systur sinni, Sigurbjörgu Ásmundsdóttur, frá Kaupmannahöfn, þar sem hún hafi verið búsett. Hafi faðir þess búizt við henni með næsta skipi og hafi hann ætlað að bjóða henni heim til sín í samráði við vitnið. Sigurbjörg hafi svo komið með skipi daginn eftir andlát föður þess.

Vitnið Þórdís Jónsdóttir, sem fyrr um getur og þekkti Magnús heitinn Ásmundsson um margra ára skeið, hefur borið það, að hann hafi frá því í desember 1953 borðað hádegisverð hjá því, en kvöldmat hafi hann útbúið sjálfur. Hann hafi þó oft komið á kvöldin til vitnisins og þá alltaf um kl. 19.30 og sótt þá gjarnan graut, sem hann fór með heim til sín. Þá hafði vitnið um tíma geymt aukalykil að íbúð hans. — Vitnið hefur skýrt frá því, að hann hafi aldrei minnzt á það, að hann ætlaði að skreppa úr bænum í nokkra daga, og vissi vitnið ekki til þess, að hann færi nokkurn tíma út úr bænum. Einu sinni að sumarlagi hafi vitnið spurt hann að því, hvort hann ætlaði ekki að taka sér frí, og hafi hann þá brosað og sagt það ekki vera. Þá hafi hann í seinustu viku fyrir andlát sitt haft orð á því, að hann ætlaði að láta gera lítið þvottahús undir tröppum húss síns. Kvaðst hann hafa talað við ákveðinn mann um að vinna verkið, en ekki væri byrjað á því vegna lasleika mannsins.

Vitnið Magnús Steingrímsson, verkstjóri í Fiskhöllinni, Tryggvagötu 2, hér í bæ, til heimilis á Ránargötu 46, hér í bæ, hefur borið það, að Magnús heitinn Ásmundsson, sem rak fiskverzlun einn síns liðs á horni Ægisgötu og Ránargötu, hafi keypt

fisk nær daglega í Fiskhöllinni. Magnús heitinn hafi komið og keypt fiskinn á morgnana og komið svo aftur eftir hádegi og borgað þá fiskverðið. Vitnið minnst þess, að hann kom tvisvar í Fiskhöllina, daginn áður en hann andaðist. Um morguninn keypti hann venjulegt fiskmagn, og eftir hádegi greiddi hann verð þess og keypti þá einnig lúðubita, másk 10—15 kg að þyngd. Vitnið kveður, að Magnús heitinn hafi hvorki þenna dag né í önnur skipti talað um, að hann væri að hugsa um að fara úr bænum í nokkra daga, og hafi það heldur ekki vitað til þess, að hann færi úr bænum næturlangt. Vitnið kveðst hafa farið inn í fiskbúð Magnúsar heitins til að taka þar til um tveimur dögum eftir andlát hans. Lúðubitinn hafi þá ennþá verið þar lítið skemmdur, en þó ónýtur, þar sem hann hafði ekki verið lagður á ís, en það var óþarfi að gera, ef aðeins hefði átt að geyma hann yfir eina nótt. Þá hafi einnig verið þar útvatnaður saltfiskur, í kringum 10 kg og legið á ís. Líklega hafi þetta verið leifar frá laugardegi og lagðar á ís á mánudag.

Ákærði hefur borið það, að honum hafi verið kunnugt um, að Magnús heitinn hafi alltaf verið heima á kvöldin. Hafi Magnús heitinn að jafnaði komið heim í íbúð sína um kl. 22 og þá lagað kvöldverð handa sér. Kveðst ákærði hafa sjálfur flest kvöld verið að vinna í verzlun sinni og þá orðið var við hann.

Á þessum tíma bjó vitnið Guðjón Jónsson sjómaður, 72 ára að aldri, auk Magnúsar heitins, á Framnesvegi 19. Hafði vitnið síðan á árinu 1952 haft á leigu eitt herbergi á hæðinni fyrir ofan verzlunina, og sneri herbergið út að götu, en hinum megin á hæðinni, fjær götunni, var eldhús Magnúsar heitins.

Vitnið Guðjón hafði um skeið verið á m/b Hermóði frá Reykjavík, seinast á handfæraveiðum og var á þeim veiðum í Faxaflóa, þegar íkveikjan átti sér stað aðfaranótt 13. júlí f. á.

Vitnið Guðmundur Guðmundsson, skipstjóri á m/b Hermóði, til heimilis á Bjargarstíg 7, hér í bæ, hefur skýrt frá því, að vitnið Guðjón hafi verið í veiðiferð á bátnum frá 11. júlí kl. 14 til 13. júlí kl. 17. Siglt hafi verið í þetta skipti að Reykjanesi og ferðin því tekið dálitlu lengri tíma en venjulega, þegar veitt er innan Garðskaga. Venjulega hafi veiðiferð bátsins tekið 30 klukkustundir og aðeins eina nótt, en þó stundum tvær nætur.

Vitnið Guðjón hefur ekkert haft við þenna framburð vitnisins Guðmundar að athuga, en hefur enn fremur tekið fram, að það hafi oft verið fjarverandi frá heimili sínu sólarhringum saman sakir atvinnu sinnar, og hafi það mjög farið eftir veðri. Stundum hafi það verið á sjó samfleytt allt að einni viku, en stundum að-

eins einn sólarhring. Það hafi farið á sjóinn og komið í land á ýmsum tímum sólarhrings, en þó ekki um miðja nótt.

Ákærði hefur borið það, að honum hafi verið kunnugt um, að auk Magnúsar heitins bjó gamall maður á hæðinni fyrir ofan verzlun hans á Framnesvegi 19. Hann hafi einnig vitað, að þetta var sjómaður, sem var nokkurn tíma í einu í burtu á sjónum, en hve lengi í einu hafi hann ekki vitað. Stuttu fyrir íkveikjuna hafi einhver sagt honum frá því, að sjómaðurinn væri úti á sjó, en hann man ekki, hver sagði honum það né hvenær. Máske hafi það verið Magnús heitinn og þá í sama skipti og hann sagði ákærða frá því, að hann væri að hugsa um að fara úr bænum í nokkra daga eftir helgina. Ákærði kveðst ekkert hafa athugað, hvort sjómaðurinn var í húsinu, þegar hann framdi íkveikjuna, en hann hafi haldið, að sjómaðurinn væri úti á sjó, og byggði það einvörðungu á því, sem fyrr var greint.

Ákærði og vitnið Guðjón þekktust ekkert og höfðu aldrei talast við, en ákærði hafði séð vitnið einu sinni eða tvisvar tilsýndar.

IV.

Vitnið Stefán Guðmundsson tryggði vörur Vesturbæjarbúðarinnar hjá Vátryggingarfélaginu h/f fyrir kr. 100.000.00 og innréttingu og áhöld verzlunarinnar fyrir kr. 50.000.00. Þegar vitnið seldi ákærða verzlunina, hafði það greitt iðgjald af fyrrnefndu tryggingunni fram til nóvembermánaðar 1954 og af síðarnefndu tryggingunni til 13. febrúar 1955. Vitnið minntist aldrei á tryggingar þessar við ákærða og tilkynnti heldur ekki tryggingarfélaginu um eigendaskipti verzlunarinnar. Kveðst vitnið alveg hafa gleymt tryggingunum.

Ákærði hefur borið það, að hann hafi viljað ganga úr skugga um tryggingar verzlunarinnar. Hann hafi ekki náð í vitnið Stefán til að spyrja hann um þær og því hafi hann farið í skrifstofu Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f. Þar hitti hann vitnið Guðna Þorláksson Guðmundsson, gjaldkera í brunadeild félagsins. Spurðist ákærði fyrir um það, hvort Vesturbæjarbúðin væri í tryggingu þar. Vitnið skýrði honum frá því, að verzlunin hefði verið í 70 þúsund króna tryggingu árið 1951, en ekki síðan. Kveðst ákærði hafa nú verið sannfærður um, að verzlunin væri ekki í tryggingu annars staðar og hefði einungis verið vanrækt að framlengja trygginguna hjá greindu félagi. Ákvað ákærði að tryggja vörur og áhöld verzlunarinnar hjá félaginu og ritaði hinn 10. júní f. á. beiðni um brunatryggingu til eins árs á verzlunar-

vörum og áhöldum Vesturbæjarbúðarinnar, að fjárhæð 200 þús- und krónur.

Ákærði kveður, að vitnið Guðni Þorláksson hafi spurt hann að því, hvort hann vildi greiða iðgjald tryggingarinnar strax eða hvort ætti að krefja hann um það síðar. Hafi ákærði valið síðari kostinn. Ákærði hafi svo tvisvar sinnum verið krafinn um iðgjald- ið, en greitt það í hvorugt skiptið sakir fjárskorts. Hann kveðst hafa verið sannfærður um, að tryggingin hjá félaginu tæki ekki gildi, fyrr en hann væri búinn að greiða iðgjald hennar, og hafi vitnið aldrei skýrt honum frá því, að tryggingin tæki gildi strax, þó að hann hefði ekki greitt iðgjald hennar.

Vitnið Guðni Þorláksson Guðmundsson, Laugavegi 22, hér í bæ, hefur borið það, að það muni ekki fyrir víst, hvort það sagði ákærða berum orðum, að tryggingin væri í lagi, þó að ekki væri búið að greiða iðgjald af henni, en vitnið kveður það venju þess, þegar stendur líkt á og hér, að segja mönnum, sem afhenda beiðni um brunatryggingu, að hún gangi í gildi strax, þó að iðgjald af henni sé ekki greitt þá um leið, en að tryggingarbeiðandi eigi þá að greiða iðgjaldið, þegar hann er krafinn um greiðslu þess.

Litlu síðar fór ákærði heim til vitnisins Stefáns Guðmundssonar til að tala við það um viðskipti þeirra. Vitnið var ekki heima, en kona þess, vitnið Ólöf Ragnhildur Guðmundsdóttir. Ákærði kveðst þá hafa notað tækifærið og spurt vitni þetta að því, hvort það vissi nokkuð um tryggingar Vesturbæjarbúðarinnar. Vitnið hafi svarað því, að maður þess hefði tryggt verzlunina; en hvar, hafi það ekki vitað. — Vitnið minnst þess, að einhver orðaskipti fóru á milli þess og ákærða í þetta skipti, en man ekki sérstaklega, hvort hann hafði orð á því, hvort eða hvar maður þess hefði tryggt verzlunina. Vitnið man heldur ekki, hvort það sagði honum nokk- uð um það mál, og telur það ekki vera líklegt, þar sem það hafi ekki vitað, hvar eða hvort maður þess hafði verzlunina tryggt.

Ákærði kveðst eftir þetta hafa ákveðið að kynna sér hjá vá- tryggingarfélaginu, hvernig vátryggingu verzlunarinnar væri farið. Hinn 8. júlí fór hann í skrifstofu Vátryggingarfélagsins h/f og talaði við skrifstofustjóran, vitnið Ólaf Gísla Ólafsson, Hólm- garði 16, hér í bæ.

Vitni þetta skýrði honum frá því, að vitnið Stefán Guðmunds- son hefði tryggt hjá félaginu vörur verzlunarinnar fyrir kr. 100.000.00 og innréttingu og áhöld fyrir kr. 50.000.00. Af fyrri tryggingunni væri iðgjald greitt fram til nóvember 1954, en af hinni seinni til 13. febrúar 1955. Ákærði spurði vitnið að því, hvort tryggingarnar giltu fyrir hann, og svaraði vitnið

því, að þar sem þær væru á nafni vitnisins Stefáns, þyrfti hann að fá yfirlýsingu þess (vitnisins Stefáns) um, að þær hefðu átt að fylgja með, þegar verzlunin var seld.

Ákærði kvað vörutrygginguna ekki nógu háa og skrifaði því beiðni um, að hún yrði samdægurs hækkuð um kr. 50.000.00. Bauðst ákærði til að greiða iðgjaldið, en vitnið Ólafur Gísli sagði honum, að það myndi innheimta iðgjaldið í verzlun hans, þegar búið væri að ganga frá skírteininu, sem tæki nokkurn tíma. Vitnið sagði honum, að strangt tekið tæki tryggingin ekki gildi, fyrr en komin væri yfirlýsing frá vitninu Stefáni, en í flestum tilfellum myndi tryggingin samt vera í gildi, ef annað væri í lagi.

Ákærði hefur eindregið neitað því, að hann hafi ætlað sér að tryggja verzlunina á tveimur stöðum, því að hann hafi verið sannfærður um, að tryggingin hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f hefði ekki tekið gildi. Hann hafi talið óþarft að afturkalla brunatryggingarbeiðnina til þess félags, þar sem hann hafi haldið, að hún félli niður af sjálfu sér við, að iðgjald var ekki greitt.

Hér þykir rétt að minnast á tilraun ákærða til vörukaupa.

Í vikunni fyrir íkveikjuna hitti ákærði vitnið Guðmund Holberg Þórðarson sölustjóra, Spítalastíg 5, hér í bæ, að máli og skýrði því frá, að hann hefði í huga að breyta Vesturbæjarbúðinni í smávöru- og vefnaðarvöruverzlun. Í tilefni af því kvaðst hann vilja kaupa af því vörur fyrir allt að kr. 90.000.00, ef hann fengi frest á greiðslu kaupverðsins. Vitnið kvaðst ekki mundu veita honum gjaldfrest. Þegar ákærði var að fara, spurði hann vitnið að því, hvort hann gæti ekki fengið reikning fyrir kr. 200.000.00, ef hann keypti vörur fyrir kr. 90.000.00. Vitnið svaraði því engu, og fór hann við svo búið í burtu.

Ákærði hefur staðhæft, að þessi fyrirhuguðu vörukaup hafi verið alveg óviðkomandi íkveikjunni. Hann kveðst hafa ætlað að fara í söluferð með vörunar norður í land og til að fá þær frekar hafi hann gefið vitninu í skyn, að hann væri að hugsa um að breyta verzlun sinni í smávöru- og vefnaðarvöruverzlun. Þá hafi hann farið fram á að fá reikning fyrir kr. 200.000.00 kaupum vegna verðlagseftirlitsins og til að auðvelda sölu vörunnar, en ekki til að geta sýnt hann vátryggingarfélagi.

Samkvæmt beiðni Vátryggingarfélagsins h/f og Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f framkvæmdu þeir Helgi Jónsson, skoðunarmaður tryggingarstofnunarinnar Lloyd's í Reykjavík, til heimilis á Skúlagötu 72, hér í bæ, og Ásgeir Þórarinsson sölumaður, til heimilis á Hringbraut 105, hér í bæ, vörutalningu í Vesturbæjarbúðinni dagana 14. og 22. júlí f. á. Töldu þeir, að vörunar væru

að útsöluverði kr. 46.004.98, en að frádreginni smásöluálagningu ca 36.000.00. Brunatjón varanna mátu þeir á ca 75% af heildsöluverði, en við það verð miðast tryggingarfjárhæð þeirra. Með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur hinn 29. júlí f. á. var bú ákærða tekið til gjaldprotaskipta. Virðingarmenn skiptaréttarins, þeir Skapti Ólafsson og Sæmundur Friðjónsson, mátu vörubirgðir Vesturbæjarbúðarinnar á kr. 11.360.00 og áhöld verzlunarinnar (útvarpstæki meðtalið) á kr. 968.00. Eignir þessar voru seldar á opinberu uppboði og var brúttóútsöluverð þeirra kr. 14.505.00, en auk þess voru seldar af vörubirgðum utan uppboðs appelsínur fyrir kr. 525.00.

V

Samkvæmt vottorði Veðurstofunnar, dags. 23. júlí f. á., var veður í Reykjavík frá kl. 23 til kl. 3 aðfaranótt 13. júlí f. á. þannig: vindur S 5, skýjað og rigning.

Samkvæmt vottorði Húsatrygginga Reykjavíkur, dags. 17. ágúst f. á., eru eftirtalin hús talin í bókum stofnunarinnar að stærð, frágangi og brunabótaverði, sem hér segir:

- | | | |
|-----|--|----------------|
| „1) | Framnesvegur 17, steinhús m/ steinloftum, | |
| | stærð 799.68 m ³ , brunabótaverð | kr. 383.800.00 |
| 2) | Framnesvegur 21, steinhús m/ steinloftum, | |
| | stærð 945.27 m ³ , brunabótaverð | — 453.700.00 |
| 3) | Framnesvegur 19, steinhús, en ekki getið | |
| | um loftin, stærð 300.86 m ³ , brunabótaverð — | 129.400.00 |
| 4) | Framnesvegur 22 A, steinhús m/ steinloft- | |
| | um, stærð 280.09 m ³ , brunabótaverð | — 126.000.00 |
| | og stendur á móti nr. 19“. | |

Hinn 4. ágúst f. á. voru þeir Jón Sigurðsson slökkviliðsstjóri og Sveinn Sæmundsson yfirlögregluþjónn dómkvaddir í saka-dómi Reykjavíkur „til að athuga og lýsa aðstæðum á brunastaðnum í málinu með tilliti til þess, hvort íkveikja ákærða hefði getað haft almannahættu í för með sér eða hvort mönnum hafi verið búinn bersýnilegur lífsháski af henni eða að hún hafi verið til þess fallin að valda augljósri hættu á yfirgripsmikilli eyðingu á eignum annarra manna“.

Hinir dómkvöddu menn segja í skriflegri skýrslu sinni, dags. 14. september f. á., sem þeir hafa staðfest fyrir dómi, á þessa leið:

„Við höfum kynnt okkur málsskjölin og athugað aðstæður á brunastaðnum.

Húsið Framnesvegur 19 (áður Framnesvegur 15) er einlyft

steinhús á háum kjallara og með rishæð. Gólf og innveggir í húsinu eru úr timbri, nema við reykhláf, þar úr steini. Húsið er með gluggum á göflum, er snúa að nágrannalóðum, Framnesvegi 17 og Framnesvegi 21, og staðsett af þeim ástæðum samkvæmt ákvæðum byggingarsamþykktar Reykjavíkur minnst 3.15 m frá lóðamörkum nágrannalóðanna. Upp í skarðið milli húsanna Framnesvegar 19 og Framnesvegar 21 á lóð Framnesvegar 19 er byggður lágur geymsluskúr úr timbri með bárujárnsklæðningu á þaki og þeim veggjum, er ekki eru byggðir að húsunum. Húsið Framnesvegur 21 er steinsteypt íbúðarhús með steinloftum og eldvarnarvegg að lóðinni Framnesvegi 19, en húsið stendur á lóðamörkum þeim megin. Húsið Framnesvegur 17 er steinsteypt íbúðarhús með steinloftum og eldvarnarvegg að Framnesvegi 19, enda þótt það sé ekki byggt alveg að lóðamörkum þeim, er vita að Framnesvegi 19.

Fjarlægð að næstu húsum öðrum frá Framnesvegi 19 er:

Hús vestan við Framnesveg eru í um 16 m fjarlægð, og eru það steinhús með steinloftum.

Húsið nr. 52 við Öldugötu er í um 16 m fjarlægð, og er það steinhús með steinloftum.

Samkvæmt vottorði Veðurstofunnar var veður í Reykjavík aðfaranótt 13. júlí s.l. S og SV 4—6 með rigningu eða mest stinningskaldi.

Að þessu öllu athuguðu, þ. e. veðurfari, fjarlægð frá Framnesvegi 19 að nágrannahúsum svo og byggingarlagi þeirra, sérstaklega eldvarnarveggjum tveggja næstu húsa við það, og þegar auk þess er tekið tillit til þeirrar tækni, sem slökkvilið Reykjavíkur hefur yfir að ráða, þá er það álit okkar, að engin hættu hafi verið á útbreiðslu elds yfir í næstu hús frá bruna í Framnesvegi 19, jafnvel þótt eldurinn hefði náð að magnast mjög mikið, áður en slökkviliðið kæmi á vettvang.

Aftur á móti er það álit okkar, að fólk, sem væri í svefni í húsinu Framnesvegi 19, ef eldur kviknaði í því, væri í nokkurri lífshættu vegna hins óeldtrygga byggingarmáta hússins“.

Ákærði hefur viðurkennt, að hann hafi vitað, að trégólf var á hæðinni fyrir ofan verzlunina og geymsluna á Framnesvegi 19, enda hafi mátt heyra vel, að svo var, þegar gengið var um gólf á hæðinni.

Lögreglurannsókn hófst þegar í málinu, eftir að ákærði hafði verið færður í skrifstofu rannsóknarlögreglunnar hinn 13. júlí, og neitaði hann þá að vera valdur að íkveikju á Framnesvegi 19. Hann var því næst fluttur í fangahúsið og daginn eftir úrskurð-

aður í gæzluvarðhald. Lögreglurannsóknin hélt áfram næstu daga, og hélt ákærði fast við framburð sinn. Hinn 21. júlí var málið tekið fyrir í sakadómi, og eftir nær tveggja klukkustunda yfirheyrslu ákærða þar viðurkenndi hann að hafa kveikt í vörulager Vesturbæjarbúðarinnar á Framnesvegi 19 í því skyni að fá tryggingarfjárhæð hans greidda. Rannsóknar málsins vegna sat ákærði í gæzluvarðhaldi til hins 6. ágúst.

Foreldrar ákærða eru báðir á lífi, og er faðir hans vörubifreiðarstjóri að atvinnu. Ákærði á 5 bræður og 1 systur, og er hann elztur. Að loknu barnaskólanámi var ákærði í 2 vetur í Sjómannaskólanum og vann algenga vinnu um skeið. 18 ára gamall fór hann í Hlíðardalsskóla, sem Aðventistar reka í Ölfusi, og var þar í 2 vetur. Hafði hann á þeim árum sérstakan trúfræðiáhuga. Síðan stundaði hann verkamannavinnu í Reykjavík og rak um tíma almenna upplýsingastofu, þar til hann gerðist kaupmaður á s.l. vori. Hann er ókvæntur.

VI.

Það er sannað með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við það, sem með öðrum hætti er upplýst í málinu, að aðfaranótt hins 13. júlí f. á. fór hann inn í vörugæmslu verzlunar sinnar í kjallaranum á Framnesvegi 19, hér í bæ, og kveikti þar í bréfi undir pappakassa í þeim tilgangi að brenna vörubirgðir verzlunarinnar. Hefur verið rakið hér að framan tjón það, sem hlaut af verknaði þessum. Hinir dómkvöddu matsmenn álíta, að engin hætta hafi verið á útbreiðslu elds yfir í næstu hús frá bruna í nefndu húsi, en að fólk, sem væri í svefni í húsinu, ef eldur kviknaði í því, væri í nokkurri lífshættu vegna hins óeldtrygga byggingarmáta hússins. Ákærða var kunnugt um, að tveir menn bjuggu í húsinu, en dómurinn verður að telja mannhættu ávallt samfara brennu húss, sem búið er í. Hefur ákærði því með verknaði sínum gerzt brotlegur gegn 164. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

Ákærði hefur viðurkennt, að hann hafi framið íkveikjuna í því skyni að heimta tryggingarfjárhæð vörubirgða og áhalda verzlunarinnar. Hinn 10. júní ritaði hann beiðni til Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f um brunatryggingu á vörum þessum og áhöldum, að fjárhæð kr. 200.000.00. Hinn 10. júlí fekk hann vitneskju um, að fyrri eigandi verzlunarinnar hafði tryggt vörur hennar hjá Vátryggingarfélaginu h/f fyrir kr. 100.000.00 og innréttingu og áhöld hennar fyrir 50.000.00. Ákærði hækkaði þá síðastnefndu trygginguna samdægurs í kr. 100.000.00. Hann

hirti ekki um að afturkalla brunatryggingarbeiðnina til Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f og kveðst hann hafa haldið, að hún félli niður af sjálfu sér við, að hann hefði ekki greitt iðgjald af tryggingunni. Hér ber að líta á, að ákærði hafði heldur ekki greitt iðgjald af hinum tryggingunum, sem hann gekk þó út frá, að væru í gildi. Verður með tilvísun til framburða vitnanna Guðna Þorlákssonar Guðmundssonar og Ólafs Gísla Ólafssonar og framburðar ákærða sjálfs að öðru leyti um þetta efni svo og með hliðsjón af málavöxtum, sem raktir hafa verið hér að framan, að telja, að ákærði hafi hlotið að álíta, að tryggingarnar bæði hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f og Vátryggingarfélaginu h/f væru í gildi, þegar hann framdi íkveikjuna, og að ásetningur hans hafi verið sá að heimta fjárhæðir allra trygginganna, samanlagðar kr. 400.000.00, en það er tæplega nífalt útsöluverð hins tryggða. Ákærði hefur því með atferli sínu einnig brotið gegn 248. gr. sbr. 20. gr., 1. mgr., hegningarlaganna.

Ákærða var kunnugt um, að Magnús heitinn Ásmundsson bjó á hæðinni fyrir ofan verzlunina, en hann kveðst hafa búizt við því, að hann væri farinn úr bænum íkveikjunóttina, og byggir það á tvennu. Í fyrsta lagi á því, að Magnús heitinn hafi sagt við hann, að hann væri „að hugsa um að fara úr bænum eftir helgina og koma ekki aftur fyrr en eftir nokkra daga“. Ekkert hefur komið fram í málinu, sem styður þessa staðhæfingu ákærða. Á hinn bóginn sýna framburðir vitnanna Ástriðar Magnúsdóttur, Þórdísar Jónsdóttur og Magnúsar Steingrímssonar, að hún er mjög ótrúleg. Í öðru lagi byggir ákærði á því, að hann hafi hringt til Magnúsar heitins fyrr um kvöldið, sem hlýtur þá að hafa verið á tímabilinu kl. 21—22, og hafi enginn svarað í símann. En þó að hvort tveggja væri rétt hjá ákærða, að Magnús heitinn hafi sagzt vera „að hugsa um“ að fara úr bænum í nokkra daga eftir helgina og að enginn hafi svarað í síma hans kl. 21—22, gaf það ákærða enga réttmæta ástæðu til að búast við því, að Magnús heitinn væri ekki í húsinu íkveikjunóttina. Ákærði athugaði ekkert frekar, hvort íbúar hússins væru þar um nóttina. Hefur hann þó viðurkennt, að hann hafi vitað, að Magnús heitinn var alltaf heima á kvöldin og kom að jafnaði heim til sín um kl. 22. Ákærða var einnig kunnugt um, að trégólf var á hæðinni fyrir ofan verzlunina. Hlaut hann því að vita, að íkveikja hans gat valdið mannsbana á hæðinni þar fyrir ofan, sem og raunin varð. Magnús heitinn lézt af kolsýringseitrun, sem lagði af eldi þeim, sem ákærði kveikti. Samkvæmt þessu hefur andlát Magnúsar heitins hlotizt

af gáleysi ákærða. Hefur ákærði því einnig gerzt brotlegur gegn 215. gr. hegningarlaganna.

Tryggingar ákærða og vörukaupatilraun hans fyrir íkveikjuna, sem að framan greinir, færa líkur að því, að tilraun hans til vátryggingarsvika með íkveikju hafi haft nokkurn aðdraganda, en gegn eindreginni neitun ákærða þykir varhugavert að telja nægilega sannað, að hann hafi tekið endanlega ákvörðun um að fremja þessi brot fyrr en að kvöldi hins 12. júlí.

Með skírskotun til þess, að ákærði vissi, að tveir aldraðir menn bjuggu á hæðinni fyrir ofan verzlun hans, að einungis trégólf var þar á milli og að íkveikjan var framin að næturlagi svo og að öðru leyti með tilvísun til málsatvika, eins og þau hafa verið rakin hér að framan, hlýtur ákærði að hafa séð fram á, að mönnum mundi vera slíkur lífsháski búinn af íkveikju hans, að meta beri refsingu hans samkvæmt 164. gr., 2. mgr., auk 77. gr., 1. mgr., hegningarlaganna.

Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 5 ár.

Samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna ber gæzluvarðhaldsvist ákærða frá 21. júlí, þegar hann viðurkenndi brot sitt, til 6. ágúst að koma með fullri dagatölu til frádráttar refsingu hans.

Samkvæmt 68. gr., 3. mgr., hegningarlaganna ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin laun Páls S. Pálssonar hdl., skipaðs sækjanda í málinu, og laun Sveinbjörns Jónssonar hrl., skipaðs verjanda ákærða í málinu, kr. 1200.00 til hvors þeirra.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Sigurður Ellert Jónsson, sæti fangelsi í 5 ár.

Gæzluvarðhaldsvist ákærða frá 21. júlí 1954 til 6. ágúst sama ár komi með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin laun Páls S. Pálssonar hdl., skipaðs sækjanda í málinu, og laun Sveinbjörns Jónssonar hrl., skipaðs verjanda í málinu, kr. 1200.00 til hvors þeirra.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.